

Ed.

526. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyting á fátækralögum, nr. 43, 31. maí 1927 (pskj. 463).

Frá Jóni Jónssyni og Magnúsi Torfasyni.

Á undan 1. gr. komi ný gr.:

21. gr. fátækralaganna orðist þannig:

Eftir 16 ára aldur vinnur hver sá, sem hefir íslenskan ríkisborgararétt, sér framfærslurétt í þeirri sveit, þar sem hann hefir dvalizt 2 ár samfleytt búandi, vistfastur eða haft löglegt heimilisfang, enda hafi hann ekki þegið endurkræfan eða óendurkræfan sveitarstyrk á síðustu 2 árum.

(Greinatalan breytist eftir atkvæðagreiðslu.)